

SOS-Barnabörpin

Hamraborg 1, 200 Kópavogur

Ársreikningur 2016

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hlutaðeigandi

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning SOS barnþorpanna fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, skýringar og sundurliðanir.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi raunhæfa mynd af afkomu félagsins á árinu 2016, efnahag þess 31. desember 2016. Hann sé í samræmi við lög, samþykktir félagsins og settar reikningskilareglur.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð SOS barnþorpunum í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi SOS barnþorpanna. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanlega vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Áritun óháðs endurskoðanda - framhald

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi raunhæfa mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn að við höfum uppfyllt skyldur síðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum til að tryggja óhæði okkar.

Reykjavík, 12. maí 2017



Guðmundur Óens Þorvarðarson

löggiltur endurskoðandi

BDO ehf.



Sigrún Guðmundsdóttir


löggiltur endurskoðandi


Áritun stjórnar


Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Stjórn og framkvæmdastjóri SOS barnaþorpa staðfesta ársreikning þennan fyrir árið 2016 með undirritun sinni.

Kópavogi, 12. maí 2016







Framkvæmdastjóri:



Rekstrarreikningur ársins 2016

	2016	2015
Framlög:		
Framlög styrktarforeldra	kr. 339.662.353	307.903.475
Gjafir til barna frá styrktarforeldrum .	" 10.524.563	9.660.348
Fjölskylduvinir, mánaðarleg framlög	10.687.450	12.459.325
Frjáls framlög og ýmsar fjáraflanir . .	84.899.362	67.695.887
Ýmsar styrkir, miiningarkort, gjafir ofl.	" 13.963.824	8.921.440
Opinber framlög	25.885.600	43.955.019
Húsaleigutekjur	" 1.860.000	155.000
Vaxtatekjur	" 13.522.842	13.090.883
	<u>kr. 501.005.994</u>	<u>463.841.377</u>
Útgjöld:		
Framlög til Barnaþorpa	kr. 288.703.999	261.717.954
Gjafir til styrktarbarna	" 10.524.563	9.660.348
15% umsýslugjald	" 50.949.353	46.185.521
Stuðningur v/verkefna	" 16.990.546	10.514.283
Opinber ráðstöfun til verkefna . . .	" 28.200.000	43.955.019
Frátekið fyrir framtíðarverkefni . .	" 27.235.000	20.000.000
Tilkostnaður v/fjáraflana	" 16.570.244	15.458.474
Rekstur fasteignar	" 3.475.268	1.910.405
Laun og launatengd gjöld	" 32.244.551	22.536.819
Kynningar og markaðsmál	" 12.225.707	7.826.639
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður . .	" 7.907.139	10.269.378
Þjónustugjöld banka og greiðslukorta	" 1.192.413	1.277.510
Afskriftir	" 2.401.302	2.489.184
	<u>kr. 498.620.085</u>	<u>453.801.534</u>
Afgangur	<u>kr. 2.385.909</u>	<u>10.039.843</u>

Efnahagsreikningur

	Skýr.	2016	2015
Eignir:			
<i>Fastafjármunir:</i>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Fasteign	kr.	24.441.342	25.824.676
Áhöld og innbú	"	3.573.496	4.591.464
<i>Fastafjármunir samtals</i>	kr.	28.014.838	30.416.140
<i>Veltufjármunir:</i>			
Óinnheimtir styrkir	kr.	1.768.476	34.440.619
Handbært fé	"	475.351.636	406.743.349
<i>Veltufjármunir samtals</i>	kr.	477.120.112	441.183.968
<i>Eignir samtals</i>	kr.	505.134.950	471.600.108

31. desember 2014

	2016	2015
Skuldir og eigið fé:		
<i>Eigið fé:</i>		
Óráðstafað eigið fé	kr. 145.035.806	142.649.897
<i>Eigið fé samtals</i>	kr. 145.035.806	142.649.897
 <i>Skuldir:</i>		
Neyðarsjóður KDI	kr. 33.487.126	39.279.626
Varasjóður	" 35.874.773	35.874.773
SOS Vínarborg	" 177.192.005	164.474.688
Lánadrottnar ofl.	" 7.348.634	6.436.625
Frátekið v/verkefna	" 106.196.606	118.759.272
<i>Skuldir samtals</i>	kr. 360.099.144	364.824.984
 <i>Skuldir og eigið fé samtals</i>	kr. 505.134.950	507.474.881